

Af hverju að bólusetja?


Bóluefni hjálpa barninu þínu að berjast gegn alvarlegum sjúkdómum eins og mislingum og kíghósta. Þau hafa bjargað milljónum barnalífa um allan heim, svo hvers vegna að taka áhættu með heilsu barnsins þíns?

Ekki fresta því –
hafðu samband við
heilbrigðisstarfsmanninn
þinn til að ræða
bólusetningar barnsins
þíns!



Skannaðu QR kóðann til að fá
frekari upplýsingar á Evrópsku
upplýsingagáttinni um bólusetningar

vaccination-info.europa.eu/en



Gefðu barninu þínu heilbrigða byrjun í lífið



EVROPSKA UPPLÝSINGA-
GÁTTIN UM BÓLUSETNINGU
Stofnuð að frumkvæði Evrópusambandsins



Eru bóluefnin örugg?


Áður en bóluefni berast til þín eru þau prófuð í mörg ár til að tryggja öryggi þeirra. Og jafnvel eftir það er stöðugt eftirlit með þeim vegna hugsanlegra aukaverkana.




Hvernig virka bóluefni?

Bóluefni kenna ónæmiskerfi barnsins að framleiða sérstök mótefni til að berjast gegn sjúkdómum. Það er miklu öruggara fyrir ónæmiskerfið að læra hvernig á að gera þetta með bólusetningu heldur en að smitast af raunverulegum sjúkdómum sem geta leitt til alvarlegra fylgikvilla.

Heilbrigðisstarfsmaðurinn þinn getur gefið þér nákvæma bólusetningaráætlun til að tryggja að barnið þitt sé verndað.



Hvað með aukaverkanir?



Börn geta fundið fyrir vægum aukaverkunum, eins og vægum hita eða verkjum eða roða á stungustað, en þær eru yfirleitt skammvinnar.